

um frv. til laga um launamál o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hélt einn fund til þess að ræða þetta stjórnarfrumvarp. Strax kom í ljós, að samkomulag gat ekki orðið í nefndinni um afgreiðslu þess. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar (ÓB, JP, MJ) héldu því fram, að efri deild eigi að samþykkja frumvarpið óbreytt. Undirritaðir töldu aftur á móti, að deildin eigi að fella það. Klofnaði þess vegna nefndin og skilar tveim álitum.

Við tveir, sem minni hlutann skipum, teljum atar ranglátt og mjög óheilla-vænlegt, að Alþingi setji slík þvingunarlög, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Frumvarpið felur í sér brot á samskiptareglum, sem þjóðfélagið hefur bæði hefð-bundið í framkvæmd og löghelgað. Það leysir engan vanda, en skapar ófriðarástand innan þjóðfélagsins, eins og þegar er í ljós komið, enda griðrof gagnvart fjöl-mennustu stéttum þjóðarinnar: verkalyð, verzlunarfólki, bændum og sjómönnum.

Frumvarpið er um bindingu kaupgjalds, óhreyfanlega til hækkunar, tvo síð-ustu mánuði þessa árs og algert bann við vinnustöðvunum sama tíma.

Hvort tveggja er fordæmalaust í löggjöf landsins. Það, sem af stuðningsmönnum þess hefur helzt verið á bent til samanburðar, nær ekki samanburði og er villandi.

Til málamynda eru í frumvarpinu ákvæði gegn hækkun vöruverðs og þjónustu-gjalda, en með þannig fyrirvörum, að ekkert hald er í ákvæðunum: þau eru eins og teygjubönd, sbr. síðari málsgr. 4. gr.

Fólkinu, sem kaupbindingin bitnar á, skal fjötruðu kastað í ljónagryfju dýr-tíðarinnar.

Aftur á móti eru þeir stóru starfsmannahópar, sem nýlega eru búnir að semja um kauphækkun fyrir sig, öðruvísi og betur settir, þó að þeir vafalaust gleðjist ekki yfir meðferðinni á hinum, sem í gryfjuna á að kasta.

Einn helzti rökstuðningur við framsögn fyrir frumvarpinu var á þessa leið: Þegar allir krefjast kauphækkunar og fá hana, þá fær enginn kjarabót.

Samkvæmt þessum rökstuðningi á að binda kaup þeirra, sem enn hafa ekki fengið hækkun, til þess að kauphækkun hinna verði fullkomnari kjarabót.

Misréttið eitt út af fyrir sig gerir frumvarpið óalandi, þótt ekki hefði annað verið líka.

Ákvæði frv. eiga skv. hljóðun þess að vera þegar búin að öðlast lagagildi. Þau eiga að hafa fengið það strax og frumvarpið var lagt fram á Alþingi. Þetta er ein af furðum frumvarpsins. Menn geta orðið sekir skv. því, — og eru það þá líka einhverjir og ekki svo fáir eftir viðburði síðustu daga, — þó að frumvarpið hafi enn þá ekki verið afgreitt sem lög frá Alþingi — og farið hafi verið á þessum dögum að gildadi landslögum. Hvaða vit er þetta?

Í nefndaráliti flokksbræðra okkar, framsóknarmannanna Einars Ágústssonar og Skúla Guðmundssonar, minni hl. fjárhagsnefndar neðri deildar, á þskj. 61, er greinagóður rökstuðningur fyrir því, að núverandi stjórnarstefna á sök á því efnahagsástandi, sem skelfir nú orðið höfund sinn, ríkisstjórnina, svo að hún grípur í fátí til þess óráðs að bera fram þetta frumvarp, sem gerir vont verra.

Er í nefndarálitinu ýtarlega — og með tölulegum tilvitnunum — rakin sú staðreyndasaga, og leyfum við okkur að skirskota til hennar án þess að endurtaka hana hér.

Þótt ríkisstjórnin og baráttulið hennar segði fyrir alþingiskosningarnar s. l. vor, að stefna sín, Viðreisnarstefnan, sem stjórnin kallar, hefði lánast mjög vel og allt væri í himnalagi hjá sér, — og fengi út á þær óskammfeilnu skýrslur sínar meiri hluta — nauman að visu, — þá þarf enginn að efast um, að nú segir ríkisstjórnin satt, að hún er í miklum erfiðleikum. Hið sjálfvirka efnahagskerfi, sem hún upp-haflega hugðist skapa, er að hrynja. Einstakt góðæri frá náttúrunnar hendi í afla-

brögðum og fleiru hrekkur ekki lengur til að halda kerfinu uppihangandi eða fella galla þess.

En hinir miklu erfiðleikar réttlæta samt engan veginn það frumvarp um kaupbindingu láglaunafólks og afnám samningafrelsis, sem hér liggur fyrir. Undirokun stétta á Íslandi er fjarstæða úr fortíð, þó að höfundar frumvarpsins virðist ekki telja, að svo sé. Þeir tala að vísu um bindingartímann — þessa tvo síðustu mánuði af árinu — sem einhvers konar umþóttunartíma. En aðspurðir um það, hvort treysta megji því, að kaup og kjör verði eftir 31. des. 1963 látin lúta frjálsum samningum, segja þeir, að ekkert vit sé í að lýsa því yfir, meðan málið sé í rannsókn, og óvarlegt að fullyrða nokkuð um það á þessu stigi. Er því allt í óvissu um þetta, að öðru leyti en því, að ljóst er, að framlenging bindingarinnar þykir geta komið til greina, enda er hún við nána athugun í samræmi við Viðreisnarstefnuna, sem miðar að misréttis- og misskiptingarþjóðfélagi.

Nú stendur þannig á, að verkalýðssamtökin veittu ríkisstjórninni umþóttunartíma í þessum efnum frá því um miðjan júní s. l. til 15. október. Þann tíma hagnýtti ríkisstjórnin ekki og hafði þó beðið um hann og nefnt veitingu hans til staðfestingar af sinni hálfu í viðhafnarstíl: „Þjóðhátíðarsamkomulag“.

Á þessum biðtíma verkalýðsins fengu aðrir, svo sem: starfsmenn ríkisins (með kjaradómi) stórhækkuð laun, starfsmenn Reykjavíkurborgar ekki minni hækkunar, svo og starfsmenn sumra annarra bæjarfélaga, blaðamenn, bankamenn o. fl.

Þegar 15. okt. var kominn, buðu forustumenn verkalýðssamtakanna ríkisstjórninni framlengingu á biðtímanum um 10—14 daga, ef hún vildi á þeim dögum, að loknu fjöggra mánaða tóminu, beita sér fyrir frjálsum samningum um kjarabætur. Því boði hafnaði ríkisstjórnin, en lagði þess í stað fram á Alþingi frumvarp þetta um bann við frjálsum samningum um kjarabætur.

Augljóst er, að hér er freklegu ranglæti beitt, gríð rofin á hinum lægra launuðu í þjóðfélaginu, stofnað til óþolandi misréttis innan þjóðfélagsins og ófriðarþál kveikt, sem enginn veit, hve miklu tjóni kann að valda þjóðhagslega og samþúðarlega.

Ríkisstjórnin, sem hefur þannig hafnað leið frjálstra samninga, líkist manni, er lent hefur í sjóinn, hrindir frá sér bjarghring, en reynir þess í stað að skriða upp á tundurdufl.

Væri henni þetta að vísu sjálfrar sín vegna frjálst, ef hún gerði það ekki í umboði þjóðarinnar og á hennar kostnað.

Við undirritaðir teljum, að þó að illa sé komið efnahagsmálunum, megji ekki eiga sér stað það ranglæti, sem með frumvarpi þessu á að fremja, enda ekkert úrræði.

Við teljum, að eftir leið hinna frjálstu samninga verði að skapa heildarsamræmi í launamálum, þ. e. rétt launahlutfall.

Við teljum, að einbeita verði kröftum þjóðarinnar og þjóðfélagsins til þess að gera atvinnuvegina þess megnuga að greiða það kaupgjald, sem samræmingin leiðir af sér.

Við teljum, að þetta hljóti að vera hægt í okkar að mörgu leyti mjög gjöfula landi, þrátt fyrir það, hvernig sakir standa nú, — hægt með því að leggja af alefli áherzlu á: aukna framleiðslu og framleiðni og góða hagnýtingu þess, sem aflað er, — svo og með lækkun innflutningsgjalda af vörum, sem þjóna þessum markmiðum, og með hagfelldri lánastarfsemi, afnámi útflutningsgjalda, afnámi launaskatts bændu o. fl. því líku.

Af framangreindum ástæðum og fleirum, sem getið verður í framsögu, leggjum við eindregið til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 7. nóv. 1963.

Karl Kristjánsson, Helgi Bergs.  
frsm.